

83
9. júní

REGLUGERÐ

um styrktarsjóð vangefinna.

1. gr.

Styrktarsjóður vangefinna skal vera í vörzlu félagsmálaráðuneytisins, sem annast bókhald hans og daglega afgreiðslu mála, er sjóðinn varða.

2. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtaður í banka, en fé hans skal ætíð handbært til framkvæmda samkvæmt reglugerð þessari.

3. gr.

Fé sjóðsins skal varið sem lánnum eða styrkjum til þess að reisa stofnanir fyrir vangefið fólk.

Félagsmálaráðuneytið ráðstafar fé sjóðsins samkvæmt þessari grein að fengnum tillögum Styrktarfélags vangefinna og í samráði við önnur ráðuneyti, sem kunna að eiga hlut að máli hverju sinni.

4. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

Ársreikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af ríkisendurskoðuninni og birtir árlega í B-deild Stjórnartíðinda.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 43 29. maí 1958, um aðstoð við vangefið fólk, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 9. júní 1958.

Hannibal Valdimarsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

84

REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld Minningarsjóðs Ingunnar Knútsdóttur og Sigríðar Kristjánsdóttur árið 1957.

Tekjur:

1. Eign í årsbyrjun:			
a. Innstæða í Söfnunarsjóði	kr.	53052.35	
b. Innstæða í Landsbanka Íslands	—	566.58	
			kr. 53618.93
2. Vextir:			
a. Af innstæðu í Söfnunarsjóði	kr.	2811.77	
b. — innstæðu í Landsbanka Íslands	—	28.30	
			— 2840.07
			Kr. 56459.00

Gjöld:

84

Eign í árslok:	
a. Innstæða í Söfnunarsjóði	kr. 55864.12
b. Innstæða í Landsbanka Íslands	— 594.88
	<hr/>
	Kr. 56459.00

Biskup Íslands, Reykjavík, 16. janúar 1958.

Ásmundur Guðmundsson.

REIKNINGUR

85

yfir tekjur og gjöld Prestsekknasjóðs árið 1957.

Tekjur:

1. Eign í ársbyrjun	kr. 274849.49
2. Vextir:	
a. Af verðbréfum	kr. 3558.33
b. — skuldabréfum	— 2700.00
c. — innstæðu í Söfnunarsjóði	— 7933.48
d. — innstæðu í Landsbanka Íslands	— 1558.99
	<hr/>
	— 15750.80
3. Gjafir	— 5496.00
4. Greitt af skuldabréfum	— 18500.00
5. Útdregin verðbréf	— 1000.00
6. Til jafnaðar við gjaldalið 2	— 18000.00
	<hr/>
	Kr. 333596.29

Gjöld:

1. Úthlutað prestsekkjum	kr. 6400.00
2. Keypt verðbréf	— 18000.00
3. Til jafnaðar við tekjulið 4	— 18500.00
4. Til jafnaðar við tekjulið 5	— 1000.00
5. Eign í árslok:	
a. Verðbréf	kr. 43100.00
b. Skuldabréf	— 30000.00
c. Visitölubréf	— 50000.00
d. Innstæði í Söfnunarsjóði	— 157621.84
e. Innstæða í Landsbanka Íslands	— 33974.45
	<hr/>
	— 289696.29
	<hr/>
	Kr. 333596.29

Biskup Íslands, Reykjavík, 14. janúar 1958.

Ásmundur Guðmundsson.